



Samfélagsfræði 8. bekkur

Landafræði

Hæfniviðmið	Leiðir að hæfniviðmiðum/kennari	Leiðir að hæfniviðmiðum/nemandi	Námsmat
<p><i>Hæfniviðmiðum samfélagsgreina er skipt í þrjá flokka, þ.e. reynsluheim, hugarheim og félagsheim.</i></p> <p>Reynsluheimur Að auka skilning nemanda á umhverfi, samfélagi, sögu og menningu.</p> <p>Hugarheimur Að þjálfra hæfni nemanda í að átta sig á sjálfum sér og öðrum og styrkja um leið sjálfmynd sína.</p> <p>Félagsheimur Að auka hæfni nemanda til að mynda og þróa tengsl sín við aðra.</p>	<p>Hefðbundinn lestur og ritun, auk þess stafrænt læsi, þ.e. nemendur þurfa að tileinka sér tölvu og nettækni í mörgum verkefnum bókarinnar.</p> <p>Almennar umræður um mikilvæg hugtök eins og sjálfbærni.</p> <p>Samfélög skoðuð (myndbönd, lestur og umræður) og nemendur hvattir til að taka afstöðu til ýmissa mála tengdum mannréttindum og rökstyðja skoðanir sínar.</p> <p>Fjallað um stöðu fólks í mismunandi samfélögum og þurfa nemendur að greina þær aðstæður sem leiða til mismununar sumra og forréttinda annarra.</p> <p>Fjölbreytt verkefnavinna: einstaklingsvinna stuðlar að sjálfstæði nemenda, hópa- og stöðvavinna eykur félagsfærni.</p> <p>Nemendur skila verkefnum á fjölbreyttan hátt: myndrænt, stafrænt og munnlega og sem texta.</p>	<p>Nemandi getur sýnt fram á þekkingu um tilurð jarðar og jarðsöguna og gang himintungla.</p> <p>Nemandi þekkir úthöfin fimm og orsök hafstrauma.</p> <p>Nemandi getur fjallað um náttúruferla sem mynda og móta land og hafa áhrif á loftslag og gróður.</p> <p>Þekki í grófum dráttum náttúru og gróðurfar jarðar.</p> <p>Nemandi getur sýnt fram á skilning á eðli sjálfbærrar þróunar og þýðingu hennar fyrir umhverfi, samfélag og efnahagslíf.</p> <p>Nemandi geti gert sér grein fyrir nýtingu og vernd auðlinda og umhverfis, hvernig hver einstaklingur getur lagt sitt af mörkum til verndar.</p> <p>Nemandi getur tekið sjálfstæðan þátt í samstarfi og samræðum.</p> <p>Geti sett sig í spor fólks með ólíkan bakgrunn og viðhorf. Geri sér grein fyrir jafngildi sínu og annarra manna.</p> <p>Nemandi getur greint og fjallað um upplýsingar á kortum og gröfum og annars konar myndum.</p>	<p>Próf 50%</p> <p>Hópa- og stöðvavinna 10%</p> <p>Veggspjöld 10%</p> <p>Stafræn verkefni og kortavinna 10%</p> <p>Munnlegur flutningur 10%</p> <p>Vinnubók 10%</p>



Samfélagsfræði 8. bekkur

Saga

Hæfniviðmið	Leiðir að hæfniviðmiðum/kennari	Leiðir að hæfniviðmiðum/nemandi	Námsmat
<p><i>Hæfniviðmiðum samfélagsgreina er skipt í þrjá flokka, þ.e. reynsluheim, hugarheim og félagsheim.</i></p> <p>Reynsluheimur Að auka skilning á nemanda á umhverfi, samfélagi, sögu og menningu.</p> <p>Hugarheimur Að þjálfna hæfni nemanda í að átta sig á sjálfum sér og öðrum og styrkja um leið sjálfsmynd sína.</p> <p>Félagsheimur Að auka hæfni nemanda til að mynda og þróa tengsl sín við aðra.</p>	<p>Hefðbundinn lestur og ritun, auk þess stafrænt læsi, þ.e. nemendur þurfa að tileinka sér tölvu- og nettækni í mörgum verkefnum bókarinnar.</p> <p>Almennar umræður um mikilvæg hugtök eins og sjálfstæði og sjálfbærni.</p> <p>Íslenskt samfélag skoðað (myndbönd, lestur og umræður) og nemendur hvattir til að taka afstöðu til ýmissa mála tengdum samfélagsmálum og rökstyðja skoðanir sínar.</p> <p>Fjallað verður um stöðu fólks á Íslandi á mismunandi tímum og þurfa nemendur að greina þær aðstæður sem leiða til mismununar sumra og forréttinda annarra.</p> <p>Fjölbreytt verkefnavinna: einstaklingsvinna stuðlar að sjálfstæði nemenda, hópavinna og stöðvavinna auka félagsfærni.</p>	<p>Nemandi getur gert grein fyrir einkennum og stöðu Íslands í heiminum í ljósi legu og sögu landsins, breytilegar menningar, trúar og lífsviðhorfa.</p> <p>Nemandi getur lýst einkennum og þróun íslensks þjóðfélags og tekið dæmi um mikilvæga áhrifaþætti.</p> <p>Nemandi getur rætt á nokkuð upplýstan hátt um tímabil, atburði og persónur í Íslandssögunni.</p> <p>Nemandi getur sett sögu Íslands í erlent samhengi.</p> <p>Nemandi getur sett sig í spor fólks með ólíkan bakgrunn á ólíkum tímum.</p> <p>Nemandi getur tekið dæmi um þætti sem hafa áhrif á sjálfsmynd hans s.s úr nærsamfélagi, menningu og sögu.</p>	<p>Próf 50%</p> <p>Hópa- og stöðvavinna 10%</p> <p>Veggspjöld 10%</p> <p>Stafræn verkefni og kortavinna 10%</p> <p>Munnlegur flutningur 10%</p> <p>Vinnubók 10%</p>